

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

1. gr.

5. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Borgarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skul kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði þá er atkvæðagreiðslur fara fram og bera ábyrgð á frágangi fundargerða með forseta borgarstjórnar.

2. gr.

15. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarstjórnar og sér um færslur gerðabókar og hafa skrifarar, í samráði við forseta, eftirlit með að rétt sé fært til bókar. Fundargerðir eru skráðar í tölvur, lesnar upp í fundarlok og undirritaðar af forseta borgarstjórnar og skrifurum.

Að öðru leyti fer um ritun fundargerða borgarstjórnar samkvæmt leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist til að öðlast gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 18. júní 2015.

F. h. r.

Elin Pálsdóttir.

Stefanía Traustadóttir.